

Föstudaginn 21. september 1990.

Nr. 190/1990. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Guðmundi Inga Hildissyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fyrning sakar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1990. Hann krefst „staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakfellingu samkvæmt ákæru en að fyrning á sök verði hafnað og að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 3. mgr. i.f. 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 3. mgr. 81. gr. eldri umferðarlaga nr. 40, 1968, til viðbótar þeirri sviptingu sem ákærði hefur þegar sætt vegna þessa brots 20. júlí 1988 til uppkvaðningar héraðsdóms þann 19. febrúar 1990, þannig að samanlagður sviptingartími verði a.m.k. þrjú ár. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs“.

Verjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun.

Atvik það, sem mál þetta snýst um, gerðist 29. janúar 1987. Lögregluskýrsla, varðstjóraskýrsla og blóðtökubeiðni bera þessa dagsetningu. Fram hefur verið lögð ódagsett ákvörðun löglærðs fulltrúa lögreglustjórans í Keflavík um, að ákærði sé sviptur ökuleyfi til bráðabirgða vegna ætlaðs brots á 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ákvörðun þessi var birt ákærða 20. júlí 1988. Rannsóknarlögreglumenn tóku skýrslur af fjórum lögreglumönnum í ágúst og september það ár, og í sakadómi Keflavíkur var bókað 3. október 1988, að dómariinn hefði ákveðið að rannsaka mál þetta fyrir dómi. Tekið er fram í bókuninni, að ákærði sé líklega í Banda-

ríkjunum og ekki væntanlegur til landsins fyrr en 1989. Þrír lög-reglumenn gáfu skýrslur þennan dag. Næst var málið tekið fyrir í sakadómi 22. febrúar 1989, og kom ákærði þá fyrir dóm í fyrsta skipti út af atvikinu 29. janúar 1987. Ákæra var gefin út 21. mars 1989 og birt ákærða, þegar hann kom fyrir sakadóm 7. júní það ár.

Eins og ráða má af framanskráðu, liðu 2 ár og 3 vikur frá ætluðu broti, þar til ákærði kom fyrir dóm. Refsing hans myndi, ef til sakfellingar kæmi eftir ákæru, ekki fara fram úr sektum. Fyrnist sökin því á tveimur árum frá 29. janúar 1987 samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981. Verður þá úr því að skera, hvort einhver þeirra atvika, sem fyrr er lýst, hafi rofið fyrninguna, en um það fer eftir 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981.

Löglærður fulltrúi lögreglustjórans í Keflavík tók ákvörðun um að svipta ákærða ökuleyfi til bráðabirgða, en ekki verður séð, að það hafi verið upphaf rannsóknar í málinu, og rauf það því ekki fyrningu. Þegar rannsókn hófst fyrir sakadómi 3. október 1988, var ákærði fjarverandi, og verður ekki talið nægilega sannað, að hann hafi komið sér undan rannsókn, sbr. 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Vitni gáfu skýrslu fyrir dómi þennan dag, en telja verður, að það hafi ekki rofið fyrningu, eins og á stóð, sbr. hæstaréttardóm 21. febrúar 1986 í máli nr. 227/1985 (bls. 397 í dómasafni þess árs). Sökin var því fyrnd 22. febrúar 1989, þegar ákærði kom fyrir dóm út af atvikinu 29. janúar 1987. Eftir 6. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga ber að sýkna ákærða og staðfesta niðurstöðu héraðsdóms. Greiða ber áfrýjunarkostnað úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 19. febrúar 1990.

Ár 1990, mánudaginn 19. febrúar, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins Vatnsnesvegi 33, Keflavík, kveðinn upp dómur í máli nr. 90.0356: Ákærvaldið gegn Guðmundi Inga Hildissyni, sem var þingfest og tekið til dóms sama dag.

I.

Málið er höfðað með ákæru, dags. 21. mars 1989, á hendur Guðmundi Inga Hildissyni, Heiðarhvammi 9, Keflavík, kt. 200348-3119, „fyrir að aka, aðfaranótt fimmtudagsins 29. janúar 1987, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni Ö-544 frá heimili sínu og um götur í Keflavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á gatnamótum Faxabrautar og Hringbrautar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

II.

Fimmtudaginn 29. janúar 1987 klukkan 02 voru lögreglumenn í Keflavík á eftirlitsbifreið og öku norður Hringbraut í Keflavík. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni Ö-544, sem var ekið vestur Faxabraut og stöðvuð við mót þeirrar götu og Hringbrautar. Ákváðu þeir að kanna réttindi og ástand ökumanns. Er þeir ræddu við hann, þ.e. ákærða í máli þessu, fundu þeir áfengisþef leggja frá vitum hans. Sýndi öndunarsýni III. stig.

Farið var með ákærða á lögreglustöðina til yfirheyrslu. Í varðstjóra-skýrslu er útliti og öðrum einkennum ákærða lýst svo, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti, andlit þrútið, fatnaður velktur, augu vot, málfar þvöglulegt, jafnvægi óstöðugt, framburður samhengislaus, og hafi ákærði verið ósvífinn, kærulaus og þrætugjarn. Læknir var fenginn til að taka ákærða blóðsýni til alkóhólákvörðunar, og þurfti að beita til þess valdi. Niðurstaða alkóhólákvörðunar í blóði með gasgreiningu á súlu sýndi magn alkóhóls 2,82‰.

Ákærði skýrði svo frá við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að hann teldi sig saklausan af ákæruatriðum, og viðurkenndi ekki að hafa ekið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. Kvaðst hann hafa neytt áfengis kvöldið áður (miðvikudag 28.1.1987), en mundi ekki hve mikils. Hann greindi þannig frá atvikum, að hann hefði ekið bifreiðinni Ö-544 heiman frá sér, Krossholti 8, Keflavík, að Aðalstöðinni, Hafnargötu 68, Keflavík, þar sem hann

hafi keypt sér pylsu og pilsner og neytt hvors tveggja, síðan verið á leið heim til sín sömu leið, þ.e. um Hafnargötu og Faxabraut, en verið stöðvaður af lögreglu á mótum síðarnefndrar götu og Hringbrautar.

Ákærði kvaðst telja ætlað brot vera fyrnt.

III.

Mál vegna þess, er í framanritaðri ákæru greinir, sætir nú dómsmeðferð öðru sinni. Er það samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 8. febrúar 1990, þar sem segir, að með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 5. febrúar 1990, hafi dómur og meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur verið felld úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Dómsorð sakadóms Keflavíkur í dómi, uppkveðnum 14. september 1989, er að meginefni svohljóðandi: „Ákærði Guðmundur Ingi Hildisson greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, en ef sektin greiðist ekki innan fjögurra vikna þá sæti ákærði 15 daga varðhaldi. Ákærði er sviptur ökuleyfi í þrjú ár frá 20. júlí 1988 að telja.“

Dómurinn var kveðinn upp af fulltrúa bæjarfógetans í Keflavík. Megináfangar málsmeðferðar: Ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða af fulltrúa lögreglustjórans (bæjarfógetans) í Keflavík, og var sú ákvörðun birt ákærða 20. júlí 1988. Dómsrannsókn fór öll fram, áður en ákæra var gefin út 21. mars 1989. Hinn 3. október 1988 komu þrír lögreglumenn fyrir dóm, og 22. febrúar 1989 kom ákærði fyrir dóm og hafnaði dómsátt í málinu.

Meginforsenda niðurstöðu greinds hæstaréttardóms er sú, að með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 verði að telja, að bæjarfógetanum í Keflavík og fulltrúum hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð málsins. Meginefni dómsorðs hæstaréttardómsins: „Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.“

Með bréfi Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns til dómsins, dags. 8. febrúar 1989, var gerð krafa til þess, að bráðabirgðaökuleyfisvipting ákærða yrði felld úr gildi. Í dómþingi í dag féll ákærði frá kröfunni.

IV.

Með framburði ákærða, skýrslum lögreglumanna og niðurstöðu alkóhól-rannsóknar er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það atferli, sem lýst er í ákæru og er þar réttilega fært til lagaákvæða.

Niðurstaða dómsins er sú, að sýkna beri ákærða af öllum kröfum ákæru-valdsins vegna fyrningar sakar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga og að öðru leyti með vísan til dóms Hæstaréttar Íslands 5.

febrúar 1990 í málinu nr. 428/1989, sbr. 1. mgr. 140. gr. laga um meðferð
opinberra mála nr. 74/1974.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Ingi Hildisson, skal vera sýkn af öllum kröf-
um ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.
